

Lýsing Leo Tolstoy á skuldaánaun Fídjíbúa¹:

Þýðing Egill Helgi Lárusson

Fídjíbúar búa í Pólinesíu, á eyjum í suður Kyrrahafi. Allur eyjaklasinn, útskýrir prófessor Yánzhul, samanstendur af smáeyjum sem samtals eru um 20.720 ferkílómetrar. Einungis er búið á helmingi þeirra og telur þjóðin 150.000 sálir auk 1.500 hvítungja. Frumbyggjarnir, sem risu úr villimennsku fyrir margt löngu, eru þekktir fyrir dug sinn og eru þess megnugir að vaxa og dafna eins og þeir hafa sýnt með því að verða fljótt góðir bændur og húsdýraræktendur. Samfélag þeirra blómstraði en árið 1859 var konungdæmið komið í örvæntingarfulla stöðu. Fídjíbúar og konungur þeirra, Thakombau, vantaði peninga. Þeir þurftu 45.000 dollara sem Bandaríkin heimtuðu í skaðabætur fyrir ofbeldi sem sagt var að Fídjíbúar hafi beitt bandaríska borgara.

Til þess að innheimta þessa upphæð höfðu Bandaríkjamenn sent herdeild á staðinn, sem í skyndingu hertók nokkrar af bestu eyjunum sem tryggingu. Einnig hótuðu þeir að varpa sprengjum á byggðir landsins nema skaðabæturnar væru greiddar í hendur fulltrúa Bandaríkjanna fyrir tiltekna dagsetningu. Bandaríkjamenn höfðu verið meðal fyrstu hvítu mannanna sem settust að á Fídjíeyjum sem trúboðar. Með einum eða öðrum hætti höfðu þeir síðan sölsað undir sig besta ræktunarlandið og hófu ræktun á baðmull og kaffi. Þeir réðu hópa frumbyggja í vinnu með samningum sem frumbyggjarnir skildu ekki eða fengu þá í gegnum verktaka sem höndluðu með lifandi eignir. Átök milli frumbyggja og plantekrueigenda, sem litu á þá sem þræla, voru óumflýjanleg. En slík átök urðu síðan ástæðan fyrir kröfu Bandaríkjamanna. Á Fídjí tíðkaðist að greiðslur væru inntar af hendi með vörum líkt og tíðkaðist í Evrópu fram á miðaldir. Frumbyggjarnir notuðu ekki peninga, viðskipti þeirra fóru eingöngu fram með vöruskiptum; vörum var skipt fyrir vörur. Þau litlu opinberu gjöld sem innheimt voru fengust af því sem landið gaf. Hvað áttu Fídjíbúar og Thakombau konungur að gera þegar Bandaríkjamenn heimtuðu með þjósti 45.000 dollara í skjóli hótanna um að afleiðingarnar yrðu alvarlegar ef ekki yrði greitt? Fyrir Fídjíbúa var engin leið að skilja slíka upphæð, að ekki sé talað um peningana sem þeir höfðu aldrei séð í slíku magni. Thakombau ráðfærði sig við aðra höfðingja og ákvað að snúa sér til Englandsdrottningar. Í fyrstu bað hann hana að taka eyjarnar undir sinn verndarvæng og seinna bað hann hana einfaldlega um að innlima þær. En Englendingar tóku þessari beiðni af varfærni og voru ekki á því að flýta sér að hjálpa þessu hálfvillimannlega konungsdæmi í vandræðum þess. Í stað þess að svara með beinum hætti sendu Englendingar af stað leiðangur til eyjanna árið 1860 til þess að meta hvort það væri þess virði að eyða peningum í að losa landið undan hinum bandaríska lánardrottni og innlima landið í breska heimsveldið.

Í millitíðinni héldu Bandaríkin kröfum sínum á lofti og í kjölfar þess að hafa hertekið bestu eyjarnar sem tryggingu og þar með sér velmegun landsins var krafan hækkuð úr 45.000 dollurum í 90.000 dollara. Þessu fylgdi einnig hótun um að krafan yrði hækkuð enn meira ef ekki yrði greitt á réttum tíma. Undir þessum þrýstingi ákvað Thakombau, sem ekki þekkti evrópskar aðferðir til að útvega lán, og að áeggjan hvítra landnema, að leita til kaupmanna í Melbourne um lán með hvaða skilmálum sem byðust, jafnvel þótt hann þyrfti að leggja allt konungsríkið í hendur einkaaðila. Í kjölfar beiðni Thakombau var stofnað verslunarfélag í Melbourne. Þetta félag, sem nefnt var Pólinesíufélagið, gerði samning við yfirvöld á Fídjí sem var þeim mjög hagstæður. Með því að yfirtaka kröfu Bandaríkjanna og greiða hana á tilteknum dagsetningum, fékk félagið samkvæmt samningnum að taka að eigin vali 40.000 og síðar 80.000 hektara af besta landsvæðinu fyrir starfsemi sína. Að auki skyldi félagið vera

¹ Úr bókinni "What then must we do?" skrifuð af Leo Tolstoy og fyrst gefin út árið 1886.

undanþegið öllum gjöldum og sköttum af verksmiðjum sínum, starfsemi og nýlendum og fá langtíma einkaleyfi til bankareksturs með þeim forréttindum að gefa út ótakmarkað magn peninga. Þegar samningurinn var loks undirritaður árið 1868 stóðu Fídjíbúar ásamt konungi sínum andspænis öðru veldi, hinu áhrifamikla verslunarfélagi með víðfeðmar landareignir og úrslitavald í málefnum ríkisstjórnarinnar. Til að fullnægja þörfum sínum hafði ríkisstjórn Thakombau fram að þessu látið sér nægja það sem fékkst greitt með vörum sem landið gaf af sér auk afraksturs lítilsháttar gjalds á innfluttar vörur. Með tilkomu sammingsins og hins volduga Pólinesíufélags versnaði fjárhagsstaða landsins. Mikilvægur hluti besta landsvæðisins í ríkinu hafði flust yfir til félagsins þannig að skattheimta minnkaði. Í hinn endann, eins og við vitum, hafði félagið einnig leyfi til inn- og útflutnings án þess að greiða gjöld sem leiddi einnig til minnkandi tekna af tollgjöldum. Frumbyggjarnir, það er 99% íbúanna, höfðu alltaf verið lélegir þátttakendur í tekjum sem fengust af innflutningi þar sem þeir notuðu mjög lítið af evrópskum varningi fyrir utan lítilræði af baðmullarefnum og málmvöru. En með tilkomu Pólinesíufélagsins losnuðu hinir efnameiru evrópsku íbúar undan tollgreiðslum og tekjur Thakombau konungs urðu lítilfjörlegar. Hann þurfti með snatri að auka þær. Thakombau ráðfærði sig við hvíta vini sína um það hvernig hann gæti leyst vandamál sitt. Honum var ráðlagt að leggja, í fyrsta sinn í sögu landsins, beinan skatt á landsmenn og til að auðvelda málin fyrir konung skyldi hann vera í formi peninga. Álögurnar voru settar á sem nefskattur upp á eitt pund fyrir hvern karlmann og fjóra skildinga fyrir hverja konu á eyjunum.

Allt fram til þessa, eins og við nefndum fyrr, tíðkaðist jarðrækt og bein vöruskipti á Fídjíeyjum. Mjög fáir frumbyggjar hafa pening milli handanna. Allur auður þeirra byggðist eingöngu á ýmsum hrávörum og nautgripum, en ekki peningum. Samt sem áður krafðist hinn nýi skattur, á tilteknum degi og án tafar, ákveðinnar upphæðar sem fyrir frumbyggja með fjölskyldu varð að töluverðri upphæð. Fram til þessa átti frumbyggi ekki því að venjast að borga persónulega greiðslu til ríkisins nema í formi vinnu. Allir skattar voru greiddir sameiginlega af því þorpi sem hann tilheyrði, frá sameiginlegum ökrum sem einnig voru hans aðaltekjulind. Hans eina leið út úr vandanum var að fá peningana frá hvítu nýlendubúunum, það er, að fara annað hvort til verslunar- eða plantekrueiganda til að fá það sem honum vantaði – peninga. Þeim fyrrnefnda þurfti hann að selja framleiðslu sína á hvaða verði sem bauðst þar sem greiða þurfti skattinn á tilteknum degi. Önnur leið var að fá fyrirframgreiðslu á framleiðsluna, en þessa aðstöðu nýttu kaupmenn sér til þess að auðgast óheiðarlega. Að öðrum kosti gat frumbygginn boðið plantekrueiganda vinnu sína; gerst verkamaður. En í ljós kom að laun á Fídjí voru mjög lág, líklegast vegna þess að margir íbúar buðu vinnu sína á sama tíma. Samkvæmt skýrslu stjórnarinnar voru þau ekki hærri en sem nam einum skildingi á viku fyrir fullorðinn karlmann eða sem svara 2 pundum og 12 skildingum á ári. Þetta þýðir að til þess eins að borga sinn eigin skatt, að ekki sé minnst á skatt fjölskyldunnar, þyrfti Fídjíbúi að yfirgefa heimili sitt, fjölskyldu, sitt eigið land og ræktun, og ferðast oft til annarar eyjar og binda sig í vinnu hjá plantekrueiganda í hálf ár til þess að vinna sér inn eitt pund til greiðslu skattsins. Til þess að greiða skattinn fyrir alla fjölskylduna þurfti að leita annara leiða. Auðvelt er að ímynda sér afleiðingar alls þessa fyrirkomulags. Frá 150.000 þegnum sínum safnaði Thakombau aðeins 6.000 pundum og fljótlega fór að bera á miklum og áður óþekktum kröfum um heimtur á sköttum. Stjórnvöld sem áður höfðu þótt heiðarleg komust fljótt að samkomulagi við hvítu plantekrueigendurna sem voru byrjaðir að stýra landinu. Fídjíbúar voru dregnir fyrir dómstóla ef þeim tókst ekki að greiða skattinn og voru dæmdir, auk greiðslu á kostnaði, til fangelsisvistar í lágmark hálf ár. Afplánunarstaðurinn kom í hlut plantekru þess hvíta manns sem fyrstur bauðst til að greiða skatt og lögfræðikostnað fangans. Með þessum hætti fengu hinir hvítu ódýrt vinnuafli svo lengi sem þá listi. Í fyrstu var þetta framsal á nauðungarvinnu takmarkað við sex mánuði, en síðar komust spilltir dómáttarar að því að hægt var að dæma menn í allt að 18 mánuði og síðan jafnvel endurnýja dóminn. Á fáeinum

árum breyttust aðstæður gjörsamlega. Stór svæði sem áður höfðu staðið í blóma urðu hálf mannlauð og fátækt varð gríðarleg. Allir karlmenn, fyrir utan aldraða og veikburða, voru að heiman að vinna á plantekrum hvítra annað hvort til að vinna sér inn pening fyrir skattgreiðslum eða vinna af sér dóm. Kvenfólk á Fídjíeyjum vinnur varla nein landbúnaðarstörf þannig að fjarvera karlmanna þýddi að landið var vanrækt eða alveg yfirgefið. Á fáum árum var hálf þjóðin orðin að þrælum hvítra nýlenduherra.

Þetta sorglega tímabil í sögu Fídjíbúa er skýrasta og besta dæmið um það hvað peningar eru og áhrif þeirra. Hér er öllu lýst: fyrstu grunnþættir þrælahalds – fallbyssur, hótanir, morð, landtakan og að auki aðaltækið – peningar, sem leysa af hólmi allar aðrar aðferðir. Það sem hefur tekið aldir að gerast meðfram efnahagsþróun landa gerðist hér, þegar ýmis form peningaþvinganna hafa verði fullþróuð, á aðeins tíu árum. Harmleikurinn hefst þegar Bandaríkjamenn senda skip hlaðin vopnum að ströndum landsins hvers íbúa þeir vilja hneppa í þrældóm. Yfirvarp hótanna eru peningalegs eðlis, en harmleikurinn hefst þegar fallbyssum er beint að öllum íbúum: konum, börnum og gamalmönnum, nokkuð sem nú er verið að endurtaka í Afríku, Kína og Mið-Asíu. Hvert var upphaf harmleiksins: "Peningana eða lífið", sem sammerkt er öllum herleiðangrum allra þjóða. Fyrst 45.000 dollarar síðan 90.000 dollarar eða fjöldamorð. En það voru engir 90.000 dollara til. Bandaríkjamennirnir áttu þá. Síðan hefst annar hluti harmleiksins: stuttu, blóðugu, hræðilegu og hnitmiðuðu fjöldamorði verður að afstýra og skipta út fyrir minna áberandi, en langdregnari þjáningu. Þjóðflokkurinn og höfðingi hans leita leiða til að skipta út fjöldamorðum fyrir peningalega þrælkun. Lán er tekið og síðan er útfærslan á peningalegri þrælkun fólksins skipulögð.

Þessi útfærsla byrja strax að haga sér eins og agaður her og innan 5 ára er verkinu lokið. Fólkið er ekki einungis svipt réttinum til landsins og eigna sinna, heldur einnig frelsinu. Það er orðið að þrælum.

Þriðji hluti hefst: aðstæður eru orðnar of erfiðar og ógæfufólkið fer að heyra orðróm um að það sé möguleiki á að skipta um drottara og bindast þrælaböndum einhverjum öðrum. Að losna undan þrældómi sem komið var á með peningum virðist ekki koma fólki til hugar lengur. Og þjóðflokkurinn biðlar til nýs drottara sem hann óskar eftir að mildi aðstæður þess. Englendingarnir koma þegar þeir sjá að eyjarnar auðveldi þeim að brauðfæða sitt eigið fólk og innlima eyjarnar ásamt íbúum þeirra. En þeir taka ekki við fólkinu sem þrælum né taka þeir landið og dreifa því til eigin stuðningsmanna. Slíkar gamaldags aðferðir eru óþarfar núna. Það eina sem þarf að gera er að krefjast nægjanlega stórrar verndargreiðslu til að halda þrælunum í þrældómi annars vegar og hins vegar gefi nóg í aðra höndina.

Íbúarnir urðu að greiða 70.000 pund. Það var grundvallar skilyrðið fyrir því að England samþykkti að bjarga Fídjíbúum frá amerískri þrælkun. Að sama skapi var þetta allt og sumt sem þurfti til að fullklára þrældóm frumbyggjanna. En í ljósi þeirra aðstæðna sem Fídjíbúar voru í var vonlaust fyrir þá að greiða 70.000 pund. Krafan var of há. Um tíma breyttu Englendingar kröfunni og tóku við hluta af greiðslum í formi framleiðsluvara, en þegar peningar komust aftur í umferð var kröfunni aftur breytt í fulla upphæð. England hagaði sér ekki eins og verslunarfélagið hafði gert, sem líkja mátti við herför villimanna á hendur villimannaþjóð sem vill einungis hirða allt sem hægt er áður en horfið er á braut. England hagaði sér sem þrælahaldari með langtíma framtíðarsýn og drap ekki gullgæsina, fóðraði hana jafnvel, vitandi það að hún verpti vel. Í fyrstu slökuðu þeir á taumnum, sér til framdráttar, til þess eins seinna meir að taka í þá aftur og sökkva Fídjíbúum í sama peningaþrældóm og Evrópa og hinn siðmenntaði heimur er í og engin sjáanleg leið er út úr.